

Skýrsla um starfsemi SAM 2024-2025

STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 11. apríl 2024 hefur stjórn SAM haldið fjóra bókaða fundi. Á fundum stjórnar skipti stjórn með sér verkum, tilnefndi fulltrúa í Verðlagsnefnd búvara, skipaði fulltrúa í starfshóp Auðhumlu um endurskoðun á flokkunarreglum mjólkur, afgreiddi tillögu að greiðslumarki ársins 2024 og fjallaði um endurskoðun verðlagsgrundvallar kúabús.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2024

Mjólkurframleiðsla jókst og var 153,6 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM árið 2024, en árið 2023 var framleiðslan 151,4 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun hjá hverjum framleiðanda árið 2024 var 332.365 lítrar, sem var aukning um 16.900 lítra frá fyrra ári. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 462 og fækkaði um 18 á árinu, eða 3,7%. Síðustu tíu ár hefur mjólkurframleiðendum fækkað að jafnaði um 18 á ári.

Greiðslumark verðlagsársins 2024 var 151,5 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á móti 153.559.445 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 2.176.487 lítrar. SAM gerði tillögu til Matvæla- ráðuneytisins að greiðslumark ársins 2025 yrði 152 milljónir lítra. Sú tillaga var samþykkt.

Sala mjólkurvara árið 2024 á fitugrunni jókst um 1,3% milli ára og var 150,4 milljónir lítra.

Á próteingrunni nam sala 132,6 milljónum lítra og jókst um 1,1% á milli ára.

Munur á sölu á fitu- og próteingrunni jókst um 280 þús. lítra á milli ára og var 17,8 millj. lítra árið 2024. Þessi munur samsvarar um 1.460 tonnum af undanrennudufti á hverju ári.

Innflutningur mjólkurafurða jókst um 247 tonn á milli ára. Aukningin var einkum í osti (160 tonn). Innflutningur árið 2024 samsvararaði um 10,5 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 7,1 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða jókst verulega á árinu 2024 eða um 1.530 tonn frá árinu 2023. Miklar breytingar voru í útflutningi; útflutningur osta minnkaði um 126 tonn og útflutningur á dufti dróst saman um 340 tonn en útflutningur á skyri rúmlega tvöfaldaðist. Útflutningur á skyri árið 2024 var um 3.156 tonn og jókst um 1,772 tonn, eða 128%.

UM STARFSEMI SAM

Lögbundið verkefni SAM er að koma fram fyrir hönd mjólkuriðnaðarins við framkvæmd búvörulaga. Verkefni SAM eru einnig að gæta hagsmuna, sinna sameiginlegum verkefnum á vegum aðildarfélaganna og stuðla að aðstöðujöfnun meðal mjólkurframleiðenda á landsvísi. SAM hefur í rekstri og efnahag sínum þá sameiginlegu starfsemi í þágu greinarinnar sem stjórn samtakanna tekur ákvörðun um hverju sinni.

Meðal verkefna SAM er söfnun nauðsynlegra upplýsinga um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi til að unnt sé að framfylgja ákvæðum búvörulaga um ákvörðun greiðslumarks. Önnur verkefni vegna ákvæða búvörulaga eru m.a. útreikningur ríkisstuðla sem notaðir eru til að ákveða magn mjólkur

sem selst innanlands og útreikningur á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur sem lágmarksverð verðlagsnefndar landbúnaðarins miðast við hverju sinni.

Í áratugi hefur SAM safnað og unnið tölur um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi. Upplýsingarnar eru nýttar til að fylgjast með innanlandsmarkaði mjólkurafurða, auk þess sem upplýsingar eru veittar til aðildarfélaga SAM, Hagstofu Íslands, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins (Eurostat), IFCN Dairy Research Center og alþjóðlegu mjólkursamtakanna IDF (International Dairy Federation). Skýrslurnar eru einnig grunnur að útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum milli aðildarfélaga SAM. Verkefnum SAM er nú sinnt af starfsmönnum Mjólkursamsölunnar, undir stjórn stjórnar SAM.

SAM er tengiliður íslensks mjólkuriðnaðar við eftirtalin erlend samtök:

1. International Dairy Federation – IDF (alþjóðleg samtök mjólkurframleiðenda og vinnslufyrirtækja).
2. IFCN Dairy Research Center (samtökin rannsaka rekstur kúabúa um allan heim).
3. Global Dairy Platform (alþjóðleg samtök vinnslu- og markaðsfyrirtækja í mjólkurmarkaði).
4. Nordiske meieriorganisasjoners samarbeidsutvalg for mjølke kvalitetsarbeid – NMSM (norrænt samstarf um mjólkureftirlit og mjólkurgæði).

Markmið SAM með þátttöku í innlendu og erlendu samstarfi er að safna og miðla upplýsingum sem gagnast íslenskum mjólkuriðnaði og íslenskum mjólkurframleiðendum.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði voru stofnuð 7. október 1985 og verða 40 ára í haust.